

VÍSUR ÍSLENDINGA

SÚNGNAR

i

HJARTAKJERS-HÚSUM

27da Júní 1835.



Lagði: er einsog Finis Poloniae.

Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur
þá gleðin skýn á vonar-hírri brá?
einsog á vori laufi skryðist lundur
lifnar og glædist hugarkjætin þá;
og meðan þrúgna gullnu tárin glóa
og guða-veigar lifga súlar-il,
þá er það víst, að bestu blómin gróa
í brjóstum semað geta fundið til.

Látum því, vinir, vínið andann hressa,
og vonar-stundu köllum þennan dag,
og gesti vora biðjum gnð að blessa
og best að snúa öllum þeirra lag.
Látum ei sorg nè söknuð vínið blanda
þó senn í vina-hópin komi skörð,
einn óskum heill' og heiðurs hvörjum lauda
sem heilsar aptur vorri fóstur-jörð.

Já, heill og heiður! HALDÓR okkar góður!
þú hjartans bestu óskum kvaddur sèrt;
því þú ert vinur vorrar gömlu móður
og vilt ei sjá að henni neitt sè gert.
Gaktú með kallmannshug að straungu starfi,
studdur við dug og laga-sverðið hjart,
og miðla þrátt af þinnar móður arfi
þeim sem að glata sínum bróðurpart.

Og heill og heiður! hinir laudar góðu!
sem hólman gamla farið nú að sjá,
þarsem að vorar vöggur áður stóðu
og vinar-orðið fyrst á tungu lá.
Hamingjan veiti voru fósturláði,
svo verði mörgum deifðar-vana breitt,
allan þann styrk af yðar beggja ráði
sem alúð fjör og kraptar gèta veitt.

Það er svo tæpt að trúá heimsins glaumi,
því táradaggir falla stundum skjótt,
og vinir berast burt á tímans straumi
og blómin föln' á einni hèlu-nótt —
því er oss best að fordast raup og reiði
og rjúfa hvörgi trygð nè vinar-koss;
eun ef við sjáum sólskinsblett í heidi,
að setjast allir þar og gleðja oss.

Látum því, vinir! vinið andann bressa,
og vonar-stundu köllum þennan dag,
og gesti vora biðjum guð að blessa
og best að snúa öllum þeirra hag —
því meðan þrúgna gullou tárin glóa
og guða-veigar lifga sálar-il,
þá er það víst, að bestu blómín gróa
í brjóstum semað gæta fundið til.

[Jonas Hallgrímsson]

[Þetta er frumútgáfa Kveðnings]